

Fundargerð


Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings


8. fundur Skólaþjónustu- og velferðarnefndar var haldinn á bæjarskrifstofunni í Hveragerði þriðjudaginn 13. janúar 2015 kl 16.00. Mættir voru: Ásmundur Lárusson, Bjarney Vignisdóttir, Bryndís Böðvarsdóttir, Helena Helgadóttir, Hörður Óli Guðmundsson, Sigurbára Rúnarsdóttir, Þórhallur Einisson og María Kristjánsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.


1. **Trúnaðarmál.** eitt mál skráð í trúnaðarmálabók.
2. **Starfsáætlun Skóla- og Velferðarþjónustu 2015** lögð fram til kynningar.
3. **Stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga í skóla- og velferðarmálum 2014-2018** lögð fram til kynningar.
4. **Barnaverndarstofa verður með fræðslu fyrir nefndarmenn og starfsfólk í barnavernd á Suðurlandi.** Um er að ræða einn fræðsludag sem verður haldinn í marsmánuði.
5. **Önnur mál.** Formaður og forstöðumaður sögðu frá heimsókn félags- og húsnæðismálaráðherra þann 7. janúar s.l.

Fundi slitið kl

17:30



Bryndís Böðvarsdóttir (sign)



Bjarney Vignisdóttir (sign)


Hörður Óli Guðmundsson (sign)


Þórhallur Einisson (sign)


Ásmundur Lárusson (sign)


Helena Helgadóttir (sign)


Sigurbára Rúnarsdóttir (sign)


María Kristjánsdóttir (sign)

Starfsáætlun Velferðarþjónustu Árneshvíls

Sveitarfélög sem aðild eiga að Velferðarþjónustu Árneshvíls, fjöldi íbúa og starfsstöðvar:

Sveitarfélag	Fjöldi íbúa	Starfsstöð
Bláskógabyggð	931	Heilsugæslan Laugarási
Flóahreppur	628	Heilsugæslan Laugarás
Grímsnes- og Grafningshreppur	416	Heilsugæslan Laugarási
Hrunamannahreppur	784	Heilsugæslan Laugarási
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	528	Heilsugæslan Laugarási
Hveragerði	2312	Bæjarskrifstofan Hveragerði
Sveitarfélagið Ölfus	1901	Ráðhús Ölfus

Starfsfólk Velferðarþjónustu Árneshvíls eftir starfsstöðvum:

Hveragerði

- Arna Ír Gunnarsdóttir, yfirfélagsráðgjafi, sérfræðingur í málefnum fatlaðs fólks í 60% starfi.
- Ásgeir Andrásson, bílstjóri í 100% starfi og sinnir akstursþjónustu fatlaðs fólks.
- Erna Guðmundsdóttir, forstöðumaður heimaþjónustu í 60% starfi.
- Jódís Bjarnadóttir, yfirfélagsráðgjafi í 100% starfi.
- Steinunn Jónsdóttir, forstöðuproskafjálfi í 100% starfi á heimilinu Birkimörk.

Sveitarfélagið Ölfus

- Sigrún Theódórsdóttir, forstöðumaður þjónustuhúss eldri borgara í 100% starfi
- Steinunn E. Þorsteinsdóttir, forstöðuproskafjálfi í 100% starfi á heimilinu Selvogsbraut.
- Tara Margrét Vilhjálmsdóttir, yfirfélagsráðgjafi í 100% starfi.

Uppsveitir Árneshvíls og Flói –Laugarás

- Arna Ír Gunnarsdóttir, félagsráðgjafi sinnir málefnum fatlaðs fólks í 20% starfi.
- Sigrún Símónardóttir, forstöðumaður heimaþjónustu og fulltrúi á skrifstofu í 80% starfi
- Sigurjón Árnason, yfirfélagsráðgjafi í 100% starfi.

Velferðarþjónusta Árneshvíls starfar samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, lögum um málefni aldraðra, lögum um málefni fatlaðs fólks, barnaverndarlögum, lögum um málefni innflytjenda.

Helstu verkefni velferðarþjónustu Árneshvíls eru: félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, húsnæðismál, barnavernd, málefni fatlaðs fólks, málefni eldri borgara, akstursþjónusta, búsetuþjónusta, félagsleg heimaþjónusta, heimsending matar, daggæsla barna í heimahúsum og forvarnir.

Starfrækt eru tvö heimili fyrir fatlað fólk, annað að Birkimörk í Hveragerði og hitt að Selvogsbraut í Þorlákshöfn. Í Birkimörk eru 5 íbúar og 6 íbúar á Selvogsbraut. Á báðum heimilunum er veitt sólarhringsþjónusta.

Markmið velferðarþjónustu Árnesþings

- Markmið með velferðarþjónustu er að veita góðar upplýsingar og leiðbeiningar vegna annars vegar félagslegra réttindamála og hins vegar aðstoð vegna félagslegs eða persónulegs vanda. Í störfum sínum leggur starfsfólk velferðarþjónustunnar áherslu á fyrirbyggjandi úrræði og leiðir sem stuðla að hjálp til sjálfshjálpar.
- Félagsleg ráðgjöf er veitt án fordóma og af virðingu fyrir einstaklingum. Áhersla er lögð á styrkleika notenda þjónustunnar með heildarsýn að leiðarljósi. Áhersla er á að virkja notendur til sjálfhjálpar með fjölbreyttum virkniúrræðum sem henta þörfum sem flestra.
- Markmið með barnaverndarstarfi er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Leitast skal við að ná þessum markmiðum með því að styðja fjölskyldur í uppeldishlutverkinu og beita úrræðum til verndar börnum þegar það á við.
- Lögð er áhersla á gott samstarf við íbúa og stofnanir sveitarfélaganna um málefni barna m.a. til að tryggja sem best að tilkynningarskylda skv. barnaverndarlögum sé virt.
- Félagsleg heimaþjónusta skal vera einstaklingsmiðuð og veittur skal viðeigandi stuðningur til aldraðra svo þeir geti dvalið sem lengst á eigin heimili.
- Heimili fatlaðs fólks hafa hugmyndafræði um sjálfstætt líf að leiðarljósi. Lögð er áhersla á að efla sjálfstæði íbúanna, að styðja þá til þátttöku í eigin lífi og að efla færni þeirra til félagslegra samskipta.

Helstu verkefni Velferðarþjónustu á árinu 2015:

Félagsleg ráðgjöf – fjárhagsaðstoð	Verklok	Ábyrgð
Reglur um fjárhagsaðstoð verði endurskoðaðar	Maí 2015	María
Efla samstarf við Vinnumálastofnun og Virk starfsendurhæfingu	Allt árið 2015	Jódís, Tara, Sigurjón
Koma á fót starfabanka í samstarfi við stofnanir sveitarfélaganna	Apríl 2015	María
Koma á samstarfi við heilsugæslulækna og heilsustofnun NLFÍ vegna notenda sem þurfa heilsutengda aðstoð	Mars 2015	Jódís, Tara, Sigurjón

Barnavernd	Verlok	Ábyrgð
Framkvæmdaáætlun í barnavernd	Mars 2015	María og nefndin
Kynningafundir um barnavernd verði haldnir í leik- og grunnskólum á svæðinu. Áhersla verður á tilkynningaskyldu og feril og vinnslu barnaverndarmála	Allt árið 2015	Jódís, Sigurjón, Tara
Efla tilsjón inn á heimili með því að ráða uppeldismenntaðan starfsmann sem leiðbeinir tilsjónaraðilum svo uppeldisráðgjöf til foreldra verði markvissari.	Ráða starfsmann með uppeldismenntun Febrúar 2015	María
Innleiða matstækið ESTER í barnavernd. Þetta gerir könnun mála markvissari sem leiðir til þess að settur sé inn réttur stuðningur miðað við vanda barnsins	Starfsmenn barnaverndar fara á námskeið apríl 2015	Jódís, Tara, Sigurjón

Félagsleg heimaþjónusta	Verklok	Ábyrgð
Innleiða Rai-upphafsmat við að meta þjónustupörf	Febrúar 2015	María, Sigurjón
Veita stuðning og aðstoð eftir getu einstaklingsins, gæta þess að virkni hans haldist sem lengst	Allt árið 2015	Erna, Sigrún og Sigrún
Efla samstarf við heilsugæslu og heimahjúkrun á svæðinu þjónustunotendum til hagsbóta	Allt árið 2015	María, Sigrún, Sigrún og Erna
Fundir með félagi eldri borgara á svæðinu og öldungaráðum. Farið verður yfir stöðu mála og fengnar hugmyndir að úrræðum sem nýst gætu hinum öldruðu.	Maí 2015	María og nefndin

Búsetueiningar	Verklok	Ábyrgð
Þjónustusamningur gerður við hvern og einn íbúa	Maí 2015	Steinunn og Steinunn
Fræðsla og kynning til starfsfólks heimilianna um valdeflingu	Apríl 2015	María og Arna
Setja af stað valdeflingarverkefni í búsetu	Sept- des 2015	Steinunn og Steinunn
Leggja mat á gæði þjónustunnar	Lagt fyrir samræmd gæðamat júní 2015	Arna

Starfsáætlun Skólaþjónustu Árnesþings

Skólar á svæði Skólaþjónustu Árnesþings og fjöldi nemenda:

Skóli	Fjöldi nemenda
Álfaborg	30
Bergheimar	72
Bláskógaskóli – grunnskóladeild	90
Bláskógaskóli – leikskóladeild	24
Flóaskóli	91
Flúðaskóli	115
Grunnskólinn í Hveragerði	332
Grunnskólinn í Þorlákshöfn	216
Kerhólsskóli – grunnskóladeild	29
Kerhólsskóli – leikskóladeild	31
Krakkaborg	41
Leikholt	27
Óskaland	83
Undraland Flúðum	36
Undraland Hveragerði	53
Þjórsárskóli	40
Samtals	1.341

Leik- og grunnskólar á svæði skólaþjónustu Árnesþings og fjöldi nemenda í september 2014

Starfsfólk Skólaþjónustu Árnesþings og helstu verkefni

- **Hrafnhildur Karlsdóttir teymisstjóri og kennsluráðgjafi** í 100% starfi, starfsstöð á Borg. Teymistjóri hefur umsjón með skipulagningu skólaþjónustunnar og stýrir vinnu hennar í samráði við yfirmann. Hann sinnir einnig verkefnum kennsluráðgjafa, sjá verkefni kennsluráðgjafa hér að neðan.
- **Ólína Þorleifsdóttir kennsluráðgjafi** í 100% starfi, starfsstöð á bæjarskrifstofu Þorlákshafnar. Meðal þeirra verkefna sem kennsluráðgjafi sinnir er ráðgjöf til skólastjóra, kennara, foreldra og starfsfólks, að frumkvæði skóla eða eigin frumkvæði. Hann hefur frumkvæði að verkefnum sem stuðla að því að sameiginlegum markmiðum skóla og skólaþjónustu sé náð. Hann liðsinnir við áætlanagerð um starfsþróun starfsfólks og skipuleggur námskeið og fræðslufundi á vegum skólaþjónustu. Kennsluráðgjafi vinnur í þverfaglegu samstarfi við aðra sérfræðinga sem koma að málefnum barna í skólunum. Kennsluráðgjafi vinnur á leik- og grunnskólastigi.
- **Hugrún Vignisdóttir sálfræðingur** í 100% starfi, starfsstöð á bæjarskrifstofunum í Hveragerði. Helstu verkefni sálfræðings eru athuganir á þroska, hegðun og líðan barna. Hann sinnir ráðgjöf til foreldra og kennara m.a. varðandi uppeldi, hegðunarvandkvæði og líðan.

Sálfræðingur heldur fyrirlestra og erindi fyrir foreldrahópa og kennara. Hann sinnir einnig eftirfylgd, teymisvinnu og forvarnarmálum.

- **Talmeinafræðingur er væntanlegur** í 60% starf frá 1. ágúst 2015, hann mun sinna málfarslegum greiningum, ráðgjöf til foreldra og kennara og talþjálfun fyrir Flóahrepp, Skeiða- og Gnúpverjahrepp, Hrunamannahrepp, Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshrepp. Sveitarfélagið Ölfus og Hveragerðisbær halda áfram að kaupa þjónustu talmeinafræðinga af sömu aðilum og áður.

Skólaþjónusta Árnesþings starfar samkvæmt lögum og reglugerðum um leik- og grunnskóla og samkvæmt reglugerð um sérfræðiþjónustu nr. 584 / 2010

Markmið skólaþjónustu Árnesþings

- Styrkja og styðja faglega við starf skólanna þannig að innan þeirra sé hægt að leysa flest þau verkefni sem upp koma með öflugri ráðgjöf og fræðslu til kennara og starfsfólks.
- Styðja við og efla samvinnu leik- grunn- og framhaldsskóla í Árnesþingi og stuðla að samvinnu skóla og fagfólks á svæðinu.
- Styrkja nemendur, foreldra og starfsfólk skólanna, stuðla að bættri líðan nemenda og efla þá í námi og starfi með hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar.
- Stuðla að framþróun í skólastarfi og kynna nýjungar með tilliti til sérstöðu hvers skóla.

Markmið skóla- og skólaþjónustu

Skólastjórnendur, sveitastjórnarmenn og starfsmenn skólaþjónustu Árnesþings hafa gert sér sameiginleg markmið skóla og skólaþjónustu, þau taka til heilbrigði og vellíðan nemenda, lesturs, samvinnu milli skólastiga og einstakingsmiðaðs náms og nýtingu tölvutækni í skólastarfi. Unnið verður að markmiðunum frá hausti 2014 til loka ársins 2017. Verkefnið verður reglulega metið og farið yfir framvindu þess, til dæmis með rafrænum könnunum skólaþjónustu, viðtölum og vettvangsathugunum, skólaþjónusta hefur umsjón með því mati.

Helstu verkefni Skólaþjónustu á árinu 2015:

Verkefni	Verklok	Ábyrgð
Stofna starfshóp sem vinnur stefnumótandi vinnu varðandi móttöku fjölskyldna af erlendum uppruna í skólum og samfélaginu	Starfshópur frá skólum, sveitarfélögum og skólaþjónustu hafi verið stofnaður 15.febrúar 2015.	Ólína, Arna, María
Efla vinnu vegna nemenda með ADHD og einhverfu í skólum. fara í viðræður við stærri skólana um Námsver innan skólanna sem sérhæfa sig í viðbrögðum og kennsluháttum	Fyrsti fundur um áætlun verkefnisins hafi verið haldinn 15. apríl 2015	Hugrún, Hrafnhildur, Ólína, María

Rafræn könnun send til skólastjóra um framvindu markmiða skóla og skólaþjónustu.	31. maí 2015	Hrafnhildur, Ólína, Hugrún
Rafræn könnun send skólastjórnendum um aðgerðir vegna markmiða	31. maí 2015	Hugrún, Ólína, Hrafnhildur
Kallað eftir niðurstöðum um lesskilning á samræmdum prófum í 4. og 7. bekk og úr „Leið til læsis“ í 1. bekk og niðurstöðum úr HLIÓM-2	31. maí 2015	Hrafnhildur og Ólína
Vinna að skýrum verkferlum í viðbragðs- og áfallateymum skólanna í samvinnu við skólastjórnendur	30. september 2015	Hugrún, Hrafnhildur, Ólína, María
Námskeið fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla Gera námskeiðsáætlun fyrir árið 2015 og senda til skólanna. Sækja um styrk til endurmenntunarsjóðs grunnskóla vegna námskeiða.	Allt árið 2015	Ólína, Hrafnhildur

Sameiginleg verkefni Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings á árinu 2015:

Verkefni	Verklok	Ábyrgð
Efla samstarf milli skóla- og velferðarþjónustu. Þróa áfram samstarf og starfshætti	Fyrsti fundur hafi verið haldinn 31. Janúar 2015	María og Hrafnhildur
Móta skýrar verklagsreglur um teymisvinnu í skóla- og velferðarþjónustu. Vinna bækling um teymisvinnu og kynna hann í teymum.	Febrúar 2015	Hrafnhildur, Arna og Jódís
Gera áætlun um forvarnir vegna unglunga v/ kvíða, sjálfskaðandi hegðun og þunglyndis	Áætlun lokið og úrræði fundin maí 2015 og þegar hafin vinna við einhver þeirra	Hugrún, Tara og Jódís
Öflug heimasíða	Setja inn efni og uppfæra síðuna reglulega	Ólína, Sigrún og Sigurjón
Handbók fyrir starfsmenn, verkferlar, stöðluð bréf og bréfsfni	Apríl 2015	Tara og Ólína
Foreldrafærnisnámskeið –Uppeldi sem virkar færni til framtíðar fyrir foreldra leikskólabarna á svæðinu.	Starfsmenn fari á leiðbeinendanámskeið fyrir mars 2015 og í framhaldi að því haldinn þrjú námskeið.	Tara, Sigurjón, Hugrún, Hrafnhildur